

28. maí 2021
Tilv.: 2105145

Dreifibréf númer: 27/2021
til lánastofnana

Efni: Viðmiðunarreglur EBA varðandi upplýsingaskyldu og kröfur um gagnaskil í tengslum við aðlaganir sem gerðar hafa verið til að bregðast við COVID-19.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi kröfur um gagnsæi og gagnaskil í tengslum við ákveðnar aðlaganir sem gerðar hafa verið til að auðvelda lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum að bregðast við COVID-19 heimsfaraldrinum (EBA/GL/2020/11 og EBA/GL/2020/12 sem breyta EBA/GL/2018/01).

Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/873 voru gerðar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og reglugerð (ESB) 2019/876 að því er varðar ákveðnar aðlaganir sem viðbrögð við COVID-19 (CRR „quick fix“). Með reglugerð nr. 1544/2020, um breytingar á reglugerð nr. 233/2017, um varfæriskröfur vegna starfsemi fjármála fyrirtækja, voru ákvæði 2., 3. og 5.-9. tl. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2020/873 innleidd hér á landi.

Viðmiðunarreglur **EBA/GL/2020/11** kveða nánar á um gagnaskil og gagnsæi að því er varðar ákveðna áhættuþætti í starfsemi lánastofnana samkvæmt CRR reglugerðinni með þeim breytingum sem leiða af CRR „quick fix“ reglugerðinni. Viðmiðunarreglur **EBA/GL/2020/12** breyta viðmiðunarreglum **EBA/GL/2018/01** sem kveða nánar á um birtingu upplýsinga varðandi umbreytingarfyrirkomulag til að draga úr áhrifum á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar IFRS 9 staðalsins skv. 473. gr. a CRR reglugerðarinnar, til samræmis við CRR „quick fix“ reglugerðina.¹ Þá er efni þeirra útvíkkað með þeim hætti að þær ná einnig til krafna um gagnsæi skv. 468. gr. CRR.

Viðmiðunarreglurnar EBA/GL/2020/11 eru aðgengilegar [hér](#). Viðmiðunarreglur EBA/GL/2018/01 eru aðgengilegar [hér](#) og viðmiðunarreglur EBA/GL/2020/12 eru aðgengilegar [hér](#).

¹ Með reglugerð (ESB) 2017/2395 var ákvæði 473. gr. a bætt við CRR reglugerðina. Með reglugerð nr. 452/2020, um breytingu á reglugerð nr. 233/2017, var reglugerð (ESB) 2017/2395 innleidd hér á landi.


Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins ásamt því að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) beinir því til lánastofnana að kynna sér allar ofangreindar viðmiðunarreglur EBA (EBA/GL/2020/11, EBA/GL/2020/12 og EBA/GL/2018/01) á vefsíðu Seðlabankans og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar við mat á því hvort lánastofnanir uppfylli kröfur samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem fjallað er um í þessu dreifibréfi.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar



Hjálmur Nordal
forstöðumaður
bankar